



NÝHERJI

LÝSING MARS 2008

SAMANTEKT

Lýsing þessi eru útbúin í tengslum við aukningu á hlutafé Nýherja hf. um allt að 45 milljónir hluta í kjölfar kaupa Nýherja hf. á ráðandi hlut í TM Software hf. Af aukningunni fara 15.902.553 hlutir til fyrrverandi hluthafa TM Software hf. sem hluti af greiðslu fyrir eignarhlut viðkomandi á genginu 22. Boðnir verða út 29.097.447 hlutir til hluthafa Nýherja og starfsmanna innan Nýherjasamstæðunnar. Hluthöfum er boðið að kaupa 27.097.447 hluti og starfsmönnum er boðið að kaupa 2.000.000 hluti. Útboðsgengi er 22 og heildarsöluvirði útgáfunnar því allt að 990 m.kr.

Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum: samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu. Eftirfarandi skjöl eru felld inn í lýsinguna með tilvísun, en skjölin eru aðgengileg á heimasíðu útgefanda www.nyherji.is: samþykktir útgefanda og endurskoðaðir samstæðuársreikningar útgefanda fyrir árin 2005, 2006 og 2007.

Samantekt þessi er útdráttur úr útgefanda- og verðbréfalýsingu og ætti eingöngu að vera lesin sem inngangur að þeim skjölum. Upplýsingar sem fram koma í lýsingunni byggjast á gögnum á þeim tíma er hún var unnin og geta breyst frá útgáfudegi hennar. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér vel þau skjöl sem lýsingin samanstendur af, ásamt skjölum er með henni fylgja. Fjárfestum er bent á að treysta ekki eingöngu á þær upplýsingar sem fram koma í lýsingu þessari heldur að nýta sér einnig annað opinbert efni er varðar félagið við ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum þess.

Hlutafjárukning Nýherja hf. fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, þar á meðal tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins, 2003/71/EB, frá 4. nóvember 2003, um lýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa, sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt. Núverandi löggjöf og reglur eru hafðar til hliðsjónar við gerð þessarar lýsingar svo og reglur OMX ICE um slíkar lýsingar.

Lýsingin er unnin af Sparisjóði Mýrasýslu í samráði við stjórnendur og stjórn Nýherja og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal endurskoðuðum ársreikningum sem og upplýsingum sem teknar voru saman af ParX ehf.; dótturfélagi útgefanda. Sparisjóður Mýrasýslu er umsjónaraðili útboðs og töku bréfa til viðskipta hjá OMX ICE. Kostnaður útgefanda vegna töku nýrra bréfa til viðskipta, vinnu við lýsingu og útboð nemur um 11 m.kr. Sparisjóður Mýrasýslu og þeir starfsmenn hans sem komu að gerð lýsingarinnar eiga ekki eignarhluti í útgefanda.

Lýsingin hefur verið yfirfarin af OMX ICE fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins.

Ekki má skoða eða túlka samantekt þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingunni sem loforð um sérstakan árangur í rekstri eða um ávöxtun af hálfu útgefanda eða umsjónaraðila. Kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og því verða fjárfestar að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum útgefanda. Hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga við mat á kaupum á hlutabréfum útgefanda, svo sem hjá bönkum, verðbréfa-fyrirtækjum og sparisjóðum. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér óháðrar ráðgjafar þegar skoðuð er lagaleg staða og skattaleg áhrif vegna kaupa á hlutum í útgefanda.

Fjárfestum er bent á að hyggist þeir fara með kröfu fyrir dómstóla er varðar upplýsingar í lýsingunni gætu þeir þurft, samkvæmt innlendra löggjöf aðildarríkja EES, að greiða kostnað við þýðingu á lýsingunni, þar sem það á við, áður en málarekstur hefst. Þeir einstaklingar eða lögaðilar sem útbúið hafa samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, og sótt um staðfestingu

á henni geta sætt skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum þar að lútandi en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar.

Skilmálar útboðs og sölufyrirkomulag

Á aðalfundi Nýherja hf. hinn 25. janúar 2008 var samþykkt að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé félagsins um allt að 65 milljónir að nafnverði með útgáfu nýrra hluta vegna kaupa á ráðandi eignarhlut í TM Software hf. Ákveðið hefur verið að auka hlutafé um allt að 45 milljónir hluta með útgáfu nýrra hluta. Þegar þessi lýsing er gefin út er Nýherji hf. búinn að ganga frá kaupum á 92,5% eignarhlut í TM Software hf. Falla hluthafar í Nýherja frá forkaupsrétti sínum á hlutum sem notaðir verða sem hluti af greiðslu fyrir eignarhlut í TM Software sem og á tveimur milljónum hluta sem boðnir verða starfsmönnum samstæðunnar til kaups.

Nýir hlutir verða boðnir á genginu 22, en nafnverð hvers hlutar er ein króna. Hámarksfjárhæð áskriftar er 640 m.kr. Útboðið hefst kl. 09.00 hinn 17. mars 2008 og lýkur kl. 10:00 hinn 25. mars 2008. Liggja þarf fyrir bindandi samþykki kaupanda nýrra hluta fyrir lok útboðs. Gjalddagi greiðslu grunnréttar er 28. mars 2008. Gjalddagi greiðslu viðbótarréttar er 28. mars 2008. Skráning fer fram hjá umsjónaraðila. Ekki er hægt að afturkalla útboðið eða fresta því eftir að það hefst. Fyrir liggur skuldbindandi yfirlýsing frá stærstu hluthöfum Nýherja hf. um að skrá sig að minnsta kosti fyrir hlutum í hlutfalli við núverandi hlutafjáreign sína sem og að kaupa þá hluti sem ekki fæst áskrift fyrir. OMX ICE tekur ný hlutabréf til viðskipta eigi síðar en 3. apríl 2008.

Einungis þeir sem eru skráðir hluthafar í Nýherja hf. hinn 13. mars 2008 eiga rétt á þátttöku í útboðinu. Þátttaka í útboðinu miðast við hlutfallslega eign viðkomandi hluthafa en hægt er að skrá sig fyrir minni eða meiri hlut. Útdeiling umframáskriftar fer eftir hlutfallsleig viðkomandi. Allir starfsmenn Nýherjasamstæðunnar hinn 14. mars 2008 eiga rétt á þátttöku í útboði. Hverjum starfsmanni er boðið að kaupa 5.000 eða 10.000 hluti. Verði umframáskrift á hlutum til starfsmanna lækkar fjöldi hluta sem þeir hafa skráð sig fyrir í samræmi við hlutfallslegt vægi umframáskriftar.

Þeir sem hyggjast nýta sér rétt sinn skulu fylla út áskriftareyðublað og skila því útfylltu og undirrituðu í höfuðstöðvar Sparisjóðs Mýrasýslu Digranesgötu 2, 310 Borgarnes, fyrir lok sölutímabils. Áskriftareyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu umsjónaraðila, www.spm.is. Einnig er hægt að senda útfyllt áskriftareyðublað í pósti á ofangreint heimilisfang, með faxi til umsjónaraðila, en faxnúmerið er 430-7543, eða með tölvupósti, en tölvupóstfang er skraning@spm.is.

Greiðsla fyrir nýja hluti fer þannig fram að fjárfestum sem taka þátt í hlutafjárukningunni og hefur verið úthlutað nýjum hlutabréfum verður sendur greiðsluseðill. Hlutabréf í útgefanda eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands.

Við útgáfu þessarar lýsingar er heildarfjöldi hluta í Nýherja hf. 235 milljónir og verður því allt að 280 milljónir eftir aukningu hlutafjár. Ef núverandi hluthafi nýtir sér rétt sinn í útboðinu að fullu mun hlutfallsleg þynning á hlut hans í Nýherja verða allt að 6,4%. Ef núverandi hluthafi nýtir ekki forgangsrétt sinn í útboðinu mun hlutfallsleg þynning á hlut hans verða allt að 16,6%.

Hlutfjáraukningin er ekki sölutryggð og ekki er nauðsynlegt að ná tiltekinni lágmarksáskrift til að aukningin teljist skuldbindandi gagnvart þeim aðilum sem hafa skráð sig fyrir henni.

Niðurstaða hlutfjáraukningarinnar verður birt opinberlega að sölutímabili loknu og áður en greiðsluseðlar verða sendir út. Ekki er gerð krafa um lágmarksáskrift til að útboðið teljist gilt.

Áhættuþættir

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættu. Ekki er hægt að veita neina ábyrgð á því að fjárfesting í hlutabréfum útgefanda verði arðsöm. Fjárfestum er bent á að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu þessari. Einnig er fjárfestum bent á að leita sér óháðrar fjárfestingarráðgjafar við mat á kaupum í verðbréfum útgefanda. Sérstaklega er bent á kafla er ber heitið „Áhættuþættir“ sem bæði er að finna í verðbréfalýsingu og í útgefanda-lýsingu.

Hér að aftan er yfirlit yfir helstu áhættuþætti sem tengjast rekstri Nýherjasamstæðunnar sem og fjárfestingu í hlutabréfum félagsins.

Nýherji

- * Markaðsáhætta
- * Rekstraráhætta
- * Ímyndaráhætta
- * Gjaldeyris- og vaxtaáhætta
- * Áhætta tengd fjárfestingum í öðrum félögum
- * Lausafjár- og fjármögnunaráhætta
- * Stjórnunar- og starfsmannaáhætta
- * Lagaleg áhætta

Hlutabréf í Nýherja

- * Almenn áhætta hlutabréfa
- * Seljanleikaáhætta
- * Lagaumhverfi
- * Þynning hlutafjareignar
- * Uppbygging á eignarhaldi

Hlutfé og hluthafar

Heildarhlutfé félagsins er samkvæmt samþykktum þess 235 m.kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigin hlutir félagsins eru um 9,4 m.kr. eða um 3,99% af heildarhlutfé. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir.

Allt hlutfé í útgefanda er jafnrétt hátt og engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hlutfjareigendur eiga rétt á að mæta á hluthafafundi og neyta atkvæðisréttar síns, heimilt er gegn skriflegu umboði að veita umboðsmönnum rétt til að sækja hluthafafundi og fara með atkvæðisrétt, einnig eiga hluthafar rétt á arðgreiðslum, forgangsrétt til skráningar fyrir nýjum hlutum í hlutfalli við hlutfjareign og rétt á greiðslum af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot. Enginn hluthafi verður skyldaður til að þola innlausn hluta síns að öllu eða að einhverju leyti samkvæmt núgildandi samþykktum félagsins.

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda. Enginn getur nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi sannað eign sína á hlutnum.

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt á löglegan hátt. Hluthafar

bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Því ákvæði verður ekki breytt og það verður ekki fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

Hlutabréf eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, ásamt reglugerð nr. 397/2000, sem sett er með stoð í fyrrgreindum lögum. Hlutaskrá, sbr. 11. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma svo og tilkynningar allar sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi umræddra hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti.

Öll réttindi hluthafa í útgefanda eru háð samþykktum félagsins, lögum nr. 2/1995, um hlutafélög og annarri gildandi löggjöf.

Skattaleg meðferð hluta í útgefanda fer eftir gildandi skattalögum hverju sinni. Söluhagnaður af bréfum útgefanda er skattskyldur á Íslandi. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér óháðrar ráðgjafar í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í bréfum útgefanda kann að hafa í för með sér.

Aðili sem hefur beint eða óbeint náð yfirráðum í skráðu félagi á skipulegum verðbréfamarkaði er skyldugur til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Yfirráð eru skilgreind þannig að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

- Eigi a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu
- Hafi yfir að ráða með samningi a.m.k. 40% atkvæða í félaginu
- Hafi öðlast rétt til að setja af eða tilnefna meirihluta stjórnar í félaginu

Samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, er kveðið á um að ef hluthafi, sem sett hefur fram yfirtökutilboð, og þeir aðilar sem hann er í samstarfi við, eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði geti tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við hafa eignast meira en 9/10 hlutafjár getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum.

Nýherji hf. hefur þá stefnu að greiða um þriðjung hagnaðar í arð til hluthafa. Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs hverju sinni eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir. Samkvæmt samþykktum félagsins skal aðalfundur haldinn fyrir lok júní ár hvert. Í samþykktum félagsins, eins og fram hefur komið, er kveðið á um réttindi til arðgreiðslna.

Ekki er um að ræða nein veruleg né óvenjuleg víðskipti á milli samstæðunnar og tengdra aðila á árunum 2005, 2006 og 2007. Með tengdum aðilum er hér átt við hlutdeildarfélag, stjórn, forstjóra, lykilmenn, aðila nátengda fyrrgreindum aðilum og hluthafar með meira en 10% eignarhlut.

Í lok dags hinn 13. mars 2008 voru 254 hluthafar í Nýherja hf. Eignarhlutur tíu stærstu hluthafa nam 82,3% af heildarhlutafé en þar á meðal voru eigin hlutir félagsins 3,99% af

heildarhlutafé. Eignarhlutur fimm stærstu hluthafa nam 66,1% af heildarhlutafé en 68,9% ef miðað er við virka hluti.


Fimm stærstu hluthafar í Nýherja hf. í lok dags hinn 13. mars 2008 eru:

Nafn hluthafa	Hlutfallseign	Fjöldi hluta	Kennitala
1. Vogun hf.	28,84%	67.774.000	660991-1669
2. Áning-fjárfestingar ehf.	13,91%	32.683.954	620202-3550
3. Benedikt Jóhannesson	9,27%	21.773.240	040555-2699
4. Gildruklettur ehf.	8,91%	20.935.129	411104-3890
5. Fiskveiðahlutafélagið Venus	5,19%	12.201.200	680269-6029

Starfsemi og skipulag

Markmið Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna í upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Félagið er eitt öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins og leggur ríka áherslu á persónulega og góða þjónustu. Nýherji hóf starfsemi sína 2. apríl 1992 með samruna IBM á Íslandi hf. og Skrifstofuvéla-Sund hf.

Starfsemin hefur vaxið mikið á síðustu árum, bæði með kaupum á innlendum og erlendum dótturfélögum og innri vexti. Hér að neðan gefur að líta þróun í veltu Nýherja og dótturfélaga á síðustu árum ásamt þróun í meðalfjölda stöðugilda.



Í október 2005 var gerður samningur um kaup á öllu hlutafé í danska félaginu AppliCon A/S sem er einn stærsti samstarfsaðili SAP í Danmörku. Samhliða kaupunum á danska félaginu var stofnað sérstakt félag um starfsemi hugbúnaðarlausna Nýherja hér á landi undir nafninu AppliCon ehf. Á árinu 2006 voru stofnuð AppliCon-félög í Svíþjóð og Bretlandi. Á árinu 2006 var keypt allt hlutafé í Tölvusmiðjunni hf. á Austurlandi en sá rekstur var sameinaður rekstri móðurfélagsins um síðustu áramót. Á árinu 2007 var keypt allt hlutafé í Link ehf. sem keypti síðar á sama ári rekstur Sony Center í Kringlunni. Þá var á árinu 2007 keypt allt hlutafé í danska félaginu Dansupport A/S. Í janúar 2008 keypti AppliCon AB í Svíþjóð allt hlutafé í sænska félaginu Marquardt & Partners AB.

Með samningi um kaup á ráðandi hlut í TM Software hf., sem undirritaður var í janúar 2008, vex starfsemi samstæðu umtalsvert. Velta þess hluta TM Software sem Nýherji kaupir nam um 2.384 m.kr. á árinu 2007 og eru starfsmenn um 230.

Nú er Nýherjasamstæðan með starfsemi á Íslandi, í Danmörku, í Svíþjóð og á Bretlandi og er heildarfjöldi félaga innan samstæðu 20. Fjöldi starfsmanna hjá Nýherjasamstæðunni er um 740 eftir kaupin á TM Software og Marquardt & Partners.

Lykilmenn Nýherja eru hér skilgreindir sem forstjóri og framkvæmdastjórar kjarnalausna og notendalausna, en þeir skipa framkvæmdastjórn félagsins. Lykilmenn eru þeir aðilar innan félagsins sem skipta máli til að sýna fram á að innan útgefanda sé viðeigandi sérþekking og reynsla fyrir stjórnun á rekstri útgefanda. Forstjóri Nýherja er Þórður Sverrisson, framkvæmdastjóri kjarnalausna Þorvaldur Jacobsen og framkvæmdastjóri notendalausna Erling Ásgeirsson.


Hér að aftan gefur að líta yfirlit um stjórn og endurskoðendur útgefanda, skipurit félagsins og yfirlit um tekjuskapandi rekstrareiningar innan samstæðunnar.

Stjórn og endurskoðendur

Stjórn Nýherja hf:

Formaður	Benedikt Jóhannesson
Varaformaður	Árni Vilhjálmsson
Stjórnarmaður	Guðmundur Jóhann Jónsson
Varamaður	Örn D. Jónsson

Endurskoðendur Nýherja KPMG hf.



Félög innan samstæðunnar	Land	Forstjóri/ framkvæmdastjóri	Stöðu- gildi
Nýherji hf.	Ísland	Pórður Sverrisson	225
Dansupport A/S	Danmörk	Porvaldur Jacobsen	45
ParX ehf.	Ísland	Porsteinn Porsteinsson	22
SimDex ehf.	Ísland	Agnar Jón Ágústsson	6
Linkur ehf.	Ísland	Pétur Steingrímsson	7
Klak ehf.	Ísland	Eyþór Ívar Jónsson	1
Applicon Holding ehf.			
AppliCon A/S	Danmörk	Martin Nørballe	82
AppliCon ehf.	Ísland	Kristján Jóhannsson	77
AppliCon A/B	Svíþjóð	Arne Nabseth	32
AppliCon Solutions Ltd.	Bretland	Ingimar G. Bjarnason	9
AppliCon Solutions A/S	Danmörk	Christian Bruun	3
TM Software hf.	Ísland	Ágúst Einarsson	15
Skyggfir ehf.	Ísland	Sigurður Þórarinnsson	120
Origo ehf.	Ísland	Stefán Þór Stefánsson	45
Vigor ehf.	Ísland	Sigurður Bergsveinsson	30
eMR-hugbúnaður ehf.	Ísland	Hákon Sigurhansson	16
ITP ehf.	Ísland	Sigurður Þórarinnsson	5

Rekstur og fjárhagur

Velta Nýherjasamstæðunnar hefur vaxið umtalsvert á síðustu þremur árum. Jukust rekstrar-tekjur um 30,7% á milli áráanna 2006 og 2007 en vöxturinn var 37,4% á milli áráanna 2005 og 2006. Aukningu í tekjum má bæði skýra með góðum innri vexti en einnig með kaupum á dótturfélögum á tímabilinu. Velta dótturfélaga nam um 37% af heildarveltu samstæðu á árinu 2007, samanborið við um 31% á árinu 2006 og um 10% árið áður. Hugbúnaðarsvið Nýherja var flutt í AppliCon ehf. í október 2005 sem skýrir að stórum hluta breytingar á milli áráanna 2005 og 2006. Linkur ehf. varð hluti af samstæðunni 1. apríl 2007 og Dansupport A/S þann 1. maí á sama ári. Velta AppliCon-samstæðunnar var um 73% af veltu dótturfélaga á árinu 2007, samanborið við um 94% árið áður.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir rekstur samstæðunnar á árunum 2005–2007. Kostnaðarverð seldra vara (vörunotkun) og kostnaður við selda þjónustu nam 55,9% af seldum vörum og þjónustu á árinu 2007, samanborið við 56,2% árið áður og 62,4% á árinu 2005. Hlutfall launa og launatengdra gjalda af seldum vörum og þjónustu var 29,2% á árinu 2007, 27,8% árið áður en var 26,0% á árinu 2005. Aukning á milli ára skýrist af auknu vægi þjónustutekna í heildarveltu.

Fjárhagsyfirlit (ISK '000)	2007	2006	2005
Seldar vörur og þjónusta	11.301.427	8.646.123	6.292.985
EBITDA	705.989	682.473	232.746
EBIT	600.188	583.642	135.902
Hrein fjármagnsgjöld	(95.898)	(172.814)	(40.001)
Tekjuskattur	(88.258)	(99.484)	(17.621)
Hagnaður ársins	419.930	305.626	76.481
Fastafjármunir	2.363.717	2.052.045	1.807.267
Veltufjármunir	3.297.573	2.496.215	2.160.857
Eigið fé	1.763.961	1.397.039	1.397.228
Langtímaskuldir	1.180.633	1.340.875	833.272
Skammtímaskuldir	2.716.696	1.810.346	1.737.624
Handbært fé frá rekstri	156.370	185.882	240.008
Fjárfestingarhreyfingar	(331.753)	(78.120)	(275.049)
Fjármögnunarhreyfingar	24.474	26.135	101.519
Breyting á handbæru fé	(150.909)	133.897	66.478
Handbært fé í árslok	117.882	272.052	121.784

Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) og afkoma fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2007 var nokkuð svipuð og árið áður þrátt fyrir veltuaukningu. Skýringa á hlutfallslega lægri afkomu er helst að leita í kostnaði vegna kaupa og uppbyggingar á nýjum dótturfélögum, en allur sá kostnaður er gjaldfærður. Hagnaður ársins 2007 var 420 m.kr., samanborið við 306 m.kr. árið áður og 76 m.kr. árið 2005. Skýrist aukinn hagnaður á milli árunna 2006 og 2007 að stórum hluta af minna gengistapi gjaldmiðla á árinu 2007 en árið áður, lækkun vaxtagjalda og verðbóta sem og auknum fjármagnstekjum. Gengistap vegna erlendra gjaldmiðla var 11 m.kr. á árinu 2007, samanborið við 64 m.kr. árið áður, en á árinu 2005 var gengishagnaður vegna erlendra gjaldmiðla um 2 m.kr.

Hér að aftan gefur að líta yfirlit um fjármögnun og nettó skuldastöðu samstæðunnar í árslok 2007. Ekki er um að ræða neinar mikilvægar breytingar á fjármagns- og viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils að öðru leiti en því sem tengist kaupum Nýherja hf. á ráðandi hlut í TM Software hf.

Fjármögnun í þús.kr.	31.12.2007
Samtals skammtímaskuldir	2.716.696
- með ábyrgðum	0
- með veði í rekstrarfjármunum	148.593
- án ábyrgða/veðs	2.568.103
Samtals langtímaskuldir (án skammtímahluta langtímaskulda)	1.110.529
- með ábyrgðum	0
- með veði í rekstrarfjármunum	657.831
- án ábyrgða/veðs	452.698
Samtals eigið fé	1.763.961
Eigið fé:	
Hlutfé	225.635
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár	153.266
Annað bundið eigið fé	29.361
Óráðstafað eigið fé	1.341.450
Hlutdeild minnihluta	14.249
Samtals fjármögnun	5.591.186

Nettó skuldastaða í þús. kr.	31.12.2007
Handbært fé	117.882
Markaðsverðbréf og annað ígildi handbærs fjár	0
Greiðsluhæfi	117.882
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.486.115
Yfirdráttarlán	269.932
Næsta árs afborgun vaxtaberandi langtímalána	283.427
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.163.337
Samtals skammtímaskuldir	2.716.696
Nettó skammtíma skuldastaða	112.699
Vaxtaberandi langímaskuldir (án skammtímahluta)	1.110.529
Skuldabréfalán	0
Aðrar langímaskuldir	0
Samtals langímaskuldir	1.110.529
Nettó skuldastaða	1.223.228

Skjöl til sýnis

Lýsing þessi er gild í 12 mánuði frá útgáfudegi og aðgengi að henni verður tryggt í þann tíma. Á meðan hún er í gildi er hægt að nálgast skjöl sem vísað er til í samantektinni eða afrit þeirra hjá útgefanda. Rafræn útgáfa lýsingarinnar er gefin út á vefsíðu útgefanda, www.nyherji.is, auk þess er hún aðgengileg á vefsíðu umsjónaraðila, www.spm.is, og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Eftirfarandi skjöl eru felld inn í lýsinguna, en skjölin eru aðgengileg á heimasíðu útgefanda www.nyherji.is: samþykktir útgefanda og endurskoðaðir samstæðuársreikningar útgefanda fyrir árin 2005, 2006 og 2007.